


FRÉTTA BRÉF

Fréttamolar úr skólastarfinu í Salaskóla – desember 2024

Piparkökuhúsagerð á unglingsstigi!

Unglingadeild Salaskóla notar síðustu dagana fyrir jólaeyfi í árstíðabundið þemaverkefni um „piparkökuhús“. Sumir gera hús sem þekkt eru úr teiknimyndum eða bíómyndum, aðrir eftirhermur af þekktum byggingum um allan heim. Verkefninu lýkur svo með sýningu fyrir foreldra á fjölbreyttum og flottum piparkökuhúsum! Verkefnið byggir á hæfnivæðmiðum úr mörgum námsgreinum, m.a. stærðfræði og eðlisfræði, list- og verkgreinum, íslensku og samfélagsgreinum. Það er sérlega skemmtilegt að vinna verkefni sem reyna á hugmyndavinnu, hönnun og sköpun, framsögn, samvinnu innan hópsins og úrlausn krefjandi viðfangsefna. Hvað gerir maður t.d. þegar deigið hagar sér ekki eins og á að gera, þegar ágreiningur kemur upp innan hóps, þegar áætlun gengur ekki upp o.s.frv. Námið sem fram fer í svona verkefnum er ekki minna en á „venjulegum“ skóladögum og sérlega gaman að sjá hvernig verkefnið yfir undir áhuga, gleði og félagsleg samskipti nemenda.



Myndin er frá því í fyrra, efri myndin er hönnun að endurgerð Bessastaða sem piparkökuhúss og neðri myndin sýnir lokaafurð!



Jólaævintýri Gloríu

Nemendur í 4. bekk tóku nýverið þátt í mjög skemmtilegu verkefni með Bókasafni Kópavogs. Verkefnið var styrkt af Barnamenningarsjóði og snerist um að vera meðhöfundar í ritun þjóðsögu með því að gefa rithöfundu hugmyndir um persónur, efnistöð og myndskreytingar til að vinna út frá. Í lok nóvember var öllum meðhöfundum boðið í útgáfuhóf þar sem hvert um sig fékk afhent sitt eintak af bókinni „Jólaævintýri Gloríu“. Mikil gleði og stolt ríkti á hófinu þegar rithöfundurinn Eygló Jónsdóttir las upp úr 1. kafla bókarinnar fyrir gesti og sagði frá verkefninu. Eygló nefndi m.a. að einstakt hugmyndaflug barnanna hafi gefið henni frábæran efnivið til að vinna úr og að henni hafi fundist skemmtilegt að sjá að ýmis samfélagsleg mál brenna á börnunum.



Upplestur höfunda á nýjum bókum

Nokkrir rithöfundar hafa heimsótt okkur á aðventunni og lesið fyrir nemendur úr nýútgefnum bókum sínum. Það er mjög áhuga- hvetjandi fyrir nemendur að fá svona kynningar og við vonum að nýjar bækur verði í öllum jólapökkum í ár!



Körfuboltamót

Rétt fyrir jólafrí er hefð fyrir því nemendur unglingsstigs og starfsfólk etji kappi í körfubolta á „Óttarsmótinu“ sem er minningarmót um Óttar B. Bjarnason. Hann var húsvörður í Salaskóla og lést fyrir aldur fram árið 2009. Falleg og skemmtileg hefð sem gefur okkur mikið ❤️

Jólaleikrit í 6. bekk

Nemendur í 6. bekk slógu í gegn á uppsetningu sinni á jólaleikriti eftir Sigrúnu Björk Cortes, en það er byggt á kvæði Jóhannesar úr Kötium um jólasveinana. Þar fengu fjölpættir hæfileikar nemenda að njóta sín, í leik og framkomu, myndbandsgerð,



dansi, umsjón tæknimála, sviðsmynd og búningagerð, sem og ýmsu öðru.



Gallerý Salaskóla!

Endilega kynnið ykkur facebook síðu list- og verkgreinakennara; þar eru fréttir og myndir og yfirlit yfir fjölbreytt verkefni nemenda í smíðjum! <https://www.facebook.com/groups/1924896051080306>

Á döfinni!

- 3. janúar: skipulagsdagur kennara
- 6. janúar: kennsla hefst eftir jólaeyfi
- 29. janúar: samtalsdagur
- 24.-25. febrúar: vetrarfrí